



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík 9. júlí 2018

1803033SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um Þjóðskrá Íslands

Vísað er til fréttar á samráðsgátt Stjórnarráðsins frá 6. júlí sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreind drög að reglugerð, sem ráðherra hyggst setja á grundvelli laga nr. 70/2018 um Þjóðskrá Íslands (PÍ).

Í 7. gr. umræddra laga er reglugerðarákvæði þar sem ráðherra er heimilað að kveða nánar á um hlutverk og starfshætti PÍ, rekstur starfs- og upplýsingakerfa og starfsemi fagráða. Athygli vekur að fæst ákvæði reglugerðardraganna gera annað en að endurtaka orðalag nýsettra laga, að frátalinni 2. gr., sem kveður eilítið nánar á um skipun fagráðs en gert er í niðurlagi 3. gr. laganna. Engin ákvæði eru hins vegar um rekstur starfs- og upplýsingakerfa.

Ákvæði 2. gr. um fagrád

Í greininni er kveðið á um skipun fagráðs, hverjir skuli tilnefna fulltrúa og að ráðið skuli funda a.m.k. tvisvar á ári. Í greininni segir jafnframt að PÍ setji fagráðinu starfsreglur auk þess að útvega fundaraðstöðu og ritara. Þá kemur fram að ekki verði greitt fyrir setu í fagráðinu.

Fagrád af þessum toga eru fremur ný af nálinni í löggjöf en þeim er gjarnan ætlað að leysa af hólmi stjórnir viðkomandi stofnana. Í tilviki PÍ var starfandi stjórn sem hafði þó eingöngu það hlutverk að fylgjast með afmörkuðum þáttum starfsemi stofnunarinnar. Þannig sagði áður í 9. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2006:

Stjórn Þjóðskrár Íslands mótar starf og innra skipulag stofnunarinnar og hefur eftirlit með starfsemi hennar. Stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skal staðfest af ráðherra. Við ákvörðun gjaldskrár skal taka mið af kostnaði einstakra rekstrarþátta sem skulu aðgreindir í bókhaldi.

Rétt þykir að vekja sérstaka athygli ráðuneytisins á því að í lögunum er gert ráð fyrir því að fagrád skv. 4. mgr. 3. gr. laganna verði fleiri en eitt, eins og sjá má á c.-lið 7. gr. (skipan fagráða). Rétt þykir því að kalla eftir skýringum á því frá ráðuneytinu hvort það sjái fyrir sér að fagrád verði einungis eitt og til hvaða þátta í starfsemi stofnunarinnar ætti einkum að horfa þegar valið er fólk til setu í fagráði.

Til samanburðar má nefna að fremur nýlega hefur verið sett reglugerð nr. 530/2016 um stofnun þriggja fagráða Menntamálastofnunar, sem eru stofnuninni til ráðgjafar og aðstoðar svo hún geti sem best sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Í reglugerðinni er mælt fyrir um að fagráðin setji sér sjálf starfsreglur og einnig er kveðið á um hvaða kröfur skuli gera til þeirra sem taka sæti í fagráðum. Eðlilegt væri að hafa slíkar fyrirmyndir til hliðsjónar við gerð reglugerðar um fagrád Þjóðskrár Íslands en tekið skal fram að ekki er komin mikil reynsla á starfsemi fagráða Menntamálastofnunar.



Væntingar til fagráða

Rétt þykir að taka fram að væntingar sambandsins til aðkomu að fagráði/-um eru einkum þær að þar gefist færi á að fara yfir þróun þeirra upplýsingakerfa stofnunarinnar sem sérstaklega snúa að sveitarfélögum. Er þá einkum átt við fasteignaskrá og tengdar skrár ásamt almannaskráningu. Ljóst má vera að þessi kerfi verða áfram í þróun á næstu árum og mikilvægt er að Samband Íslenskra sveitarfélaga hafi færi á því að koma að þeirri þróun. Jafnframt leggur sambandið áherslu á að fylgjast með gjaldtöku stofnunarinnar og að ekki komi upp sú staða að gjöld sem sveitarfélögin eða fasteignaeigendur greiða verði notuð til að fjármagna óskyld verkefni á borð við vegabréfaútgáfu.

Sambandið telur nauðsynlegt að í reglugerð og/eða starfsreglum fyrir fagrád verði nánari ákvæði um hlutverk fagráða. Jafnframt gerir sambandið athugasemd við að í 3. mgr. 2. gr. segir að Þjóðskrá Íslands setji fagráðinu starfsreglur. Eðlilegt verklag hlýtur að vera að ÞÍ kynni tillögu að starfsreglum á vettvangi fagráðsins eða að þær verði settar í góðu samráði við þá aðila sem eiga fulltrúa í fagráði.

Aðrar ábendingar

Ef ekki reynist vera vilji til þess af hálfu ráðuneytisins eða ÞÍ að nýta fagráðin sem vettvang til fremur náins samráðs og eftirlits með starfsemi stofnunarinnar kemur til álita að skerpa á ákvæðum sérlaga um verkefni stofnunarinnar þannig að skýrt sé hvernig samráði verði háttað um einstök verkefni. Má sem dæmi nefna að í lögum um skráningu og mat fasteigna segir í 18. gr.:

Um þróun fasteignaskráningar og fasteignaskrár skal Þjóðskrá Íslands hafa samráð við skráningarstjórnvöld og helstu hagsmunaaðila.

Þá þykir rétt að minna á að reglugerð um fasteignaskráningu og fasteignamat nr. 406/1978, með síðari breytingu, er komin til ára sinna auk þess sem sambandið hefur lengi kallað eftir breytingum á lögum um sama efni, sbr. einkum 26. gr. um undanþágur frá fasteignamati. Lýsir sambandið sig reiðubúið að koma að samráði um endurskoðun þessara laga og stjórnvaldsfyrirmæla.

Í slíkri endurskoðun væri sérstakt tilefni til þess að fara yfir atriði sem falla undir b-lið 7. gr. laga um Þjóðskrá Íslands og ekki er fjallað um í þeim drögum að reglugerð sem hér er til umsagnar, þ.e. rekstur starfs- og upplýsingakerfa, ásamt atriðum sem snúa að rekstri og fjármögnun slíkra kerfa. Sérstaklega vill sambandið ítreka sjónarmið sem það hefur margoft bent á, að fleiri opinberir aðilar en sveitarfélögin ættu að koma að fjármögnun fasteignaskrár.

Sambandið lýsir að lokum vilja til þess að eiga fund með ráðuneytinu til að ræða nauðsynlegar breytingar á reglugerðinni.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs